

Borgarráð
6. september 2018

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um lækkun leiguverðs hjá félagsbústöðum

Lagt er til að leiga hjá Félagsbústöðum verði lækkuð þannig að hún verði aldrei hærri en 48.000 krónur á mánuði sem er 20% af ráðstöfunarfé einstaklinga á grunnlífeyri. Ef að einhver dæmi eru um að slíkt leiði til hækkunar leigunnar, skal taka tillit til þess að viðkomandi ráði ekki við þá hækkun.

Greinargerð:

Félagslega kerfið á ekki að aðlaga sig að markaðnum eins og hefur verið gert hingað til og er þessi tillaga liður í því að fjarlægja félagslega kerfið frá þeirri þróun. Leigan ætti að vera föst upphæð sem er ekki háð tekjutengdum skilyrðum. Lítlivægar auknar tekjubreytingar eiga ekki að hafa áhrif á húsnæðiskotnað leigjenda hjá Félagsbústöðum og er þetta liður að því að hverfa af braut tekjutenginga.